

20. mars 2017

## Starfshópur um frístundaakstur – mál nr. 1610266

**Mættir:** Unnur, Karólína, Margrét og Geir starfsmaður hópsins.

**Forföll:**

**Gestur:** Axel Guðmundsson

**Fundað:** Kl 16:15 og í Lóninu, fundarherbergi annarri hæð skrifstofu fræðslu- og frístundaþjónustu. Fundi lauk 9:15.

Dagskrá:

1. Fulltrúi FH Axel Guðmundsson verkefnastjóri kynnti hugmyndir FH um samstarf við frístundaheimilin varðandi flutning skólabarna upp í Kaplakrika. Hugmyndin er að hluta til upprunninn hjá ÍR í Breiðholti og snýst í kringum það að starfsmenn fylgi börnunum á tíma frístundheimilisins á íþróttæfingu með hópferðabifreið en síðan sækja foreldrar börnin þangað.
2. Á næsta fund verða fulltrúar Hauka og Bjarkanna boðaðir en rætt verður við fulltrúa fjölgreinaíþróttafélaga sem hafa yfir húsnæði að ráða sem mögulega er hægt að nýta betur fyrir á daginn með æfingar fyrir yngstu hópanna. Safna skal upplýsingum frá ÍR varðandi verkefni þeirra og hvernig til hefur tekist.
3. Kynnt könnun sem rúmlega 500 foreldrar barna í 1. – 4. bekk svöruðu varðandi frístundaakstur. Þar kemur fram skýr vilji foreldra um slíka þjónustu sem þeir eru reiðubúnir að greiða fyrir.
4. Næsti fundur 3. apríl kl. 16:30

**Geir ritar**